

## HLEGIÐ AÐ BJÖRGÓLFI

■ Þau tíðindi berast úr íslensku bönkunum að margir starfsmenn þeirra hafi hlegið að tíðindunum um meint skuldauppgjör **Björgólfs Thors Björgólfssonar** fyrir skömmu. Þá gaf fjárfestirinn það út að hann ætlaði að gera upp allar skuldir sínar, þ.e.a.s. greiða þær. Sannleikurinn mun hins vegar vera sá að íslenskir kröfuhafar Björgólfs munu afskrifa megnið af skuldum Björgólfs og féлага hans við banka-ana. Í staðinn munu bankarnir fá einhvern hluta af söluverðmæti hlutar Björgólfs Thors í Actavis þegar hann verður seldur. Því er spurning hvort kalla beri uppgjör Björgólfs Thors skuldauppgjör þar sem lykilatriðið í því snýst um stórfelldar afskriftir en ekki endurgreiðslu.